

150. löggjafarþing 2019–2020.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um slysatryggingar almannatrygginga nr. 45/2015.

Frá heilbrigðisráðherra.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og stjórnarsýsla.

1. gr.

Á eftir orðunum „tiltekinna slysa“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: og atvinnusjúkdóma.

2. gr.

Á eftir orðinu „almannatrygginga“ í 2. gr. laganna kemur: vegna tiltekinna slysa og atvinnusjúkdóma.

3. gr.

2. ml. 1. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á 5. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „hvers konar“ í 1. ml. 1. mgr. laganna kemur: tilteknar.
- b. Í stað orðanna „utanaðkomandi“ í 2. ml. 1. mgr. laganna kemur: óvæntan.
- c. Á eftir orðunum „nauðsynlegum ferðum“ í b-lið 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: á eðlilegri leið.
- d. Við 3. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málslíður, er orðast svo: Hafi slasaði verið valdur að slysi af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi er heimilt að fella niður bótagreiðslur samkvæmt lögum þessum eða lækka greiðslur bóta.
- e. 6. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. a., ásamt fyrirsögn, er orðast svo:

Atvinnusjúkdómar

Með atvinnusjúkdómi er átt við sjúkdóm sem orsakast af vinnu eða aðstæðum í starfsumhverfi.

Ákvæði laga þessara gilda um bótaskylda atvinnusjúkdóma, eftir því sem við getur átt. Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um hvaða atvinnusjúkdómar teljast bótaskyldir.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á 6. gr. laganna.

- a. Í stað orðanna „í því formi sem sjúkratryggingastofnunin skipar fyrir um til lögreglustjóra eða umboðsmanns hans (í Reykjavík til sjúkratryggingastofnunarinnar). Lögreglustjóri sendir tilkynninguna til sjúkratryggingastofnunarinnar ásamt nauðsynlegum upplýsingum“ í 1. mgr. 6. gr., kemur: til sjúkratryggingastofnunarinnar á því formi sem stofnunin ákveður.
- b. Á eftir orðunum „sem máli skipta“ í 2. mgr. 6. gr., kemur: enda séu ljós læknisfræðileg orsakatengsl milli slyssins og einkenna slasaða þegar tilkynning berst. Ekki er heimilt að greiða bætur þegar meira en tíu ár eru liðin frá slysdegi þegar tilkynning berst.
- c. Við 6. gr. bætist ný málsgrein, er orðast svo: Sjúkratryggingastofnuninni er heimilt að ákveða að tilkynna skuli slys til stofnunarinnar með rafrænum hætti og að málsmeðferð og ákvarðanir hennar verði á rafrænu formi.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á 7. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „þessa ákvæðis“ í e. lið 1. mgr. 7. gr. kemur: og takmarka það við félag í formbundnum íþróttafélögum, sem hafa íþróttaiðkun að meginmarkmiði og eru aðilar að tilteknum íþróttasamböndum.
- b. Við 7. gr. bætist ný málsgrein, er orðast svo: Skilyrði þess að launþegar eða þeir sem reikna sér endurgjald teljist slysatryggðir samkvæmt 1. mgr. er að staðið hafi verið skil á eftir því sem við á tekjuskatti eða reiknuðu endurgjaldi til skattfyrvalda í samræmi við lög um tekjuskatt.

8. gr.

Í stað orðsins „örorkubætur“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: miskabætur vegna varanlegs líkamstjóns.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar 10. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „á lélegri tönnum“ í d. lið 1. tl. 1. mgr. laganna kemur: og gervitönnum.
- b. Seinni málsliður e. liðar 1. tl. 1. mgr. laganna fellur brott.
- c. Í stað orðsins „stundun“ í f. lið 1. tl. 1. mgr. laganna kemur: lengri meðferð.
- d. Í stað orðanna „og orkulækningar“ í g. lið 1. tl. 1. mgr. laganna kemur: iðjuþjálfun og talþjálfun.
- e. Í stað orðanna „Ekki skal þó greitt fyrir flutning með bifreið manns af sama heimili eða sama bæ né bifreið í eigu venslamanna hins slasaða“ í a. lið 2. tl. 1. mgr. kemur: Ekki skal þó greiddur ferðakostnaður vegna ferða hins slasaða í einkabifreið.
- f. b. liður 2. tl. 1. mgr. orðast svo: Að $\frac{3}{4}$ kostnað við sams konar ferðir með áætlanarbíl, -flugvél eða -skipi, eða samkvæmt kílómetragjaldi, enda sé um meira en 20 km vegalengd að ræða.
- g. b. liður 3. tl. 1. mgr. orðast svo: Styrk upp í kostnað vegna löskunar á tönnum þegar áður hafa verið framkvæmdar kostnaðarsamar aðgerðir á þeim sem ónýst hafa við slysið.
- h. c. liður 3. tl. 1. mgr. fellur brott.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 11. gr. laganna:

- a. Í 2. ml. 1. mgr. eru felld brott orðin „úrskurður er felldur um varanlega örorku hans“.
- b. 2. mgr. orðast svo: Sjúkratryggingastofnuninni er heimilt að ákveða að dagpeningar skuli greiddir lengur, einkum ef ekki er lokið lækningatilraunum og óvíst er hvort um varanlegan miska verður að ræða og líkur eru til að afstýra megi eða draga úr miska með lengri bótagreiðslu.

11. gr.

12. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Miskabætur

Ef slyss veldur varanlegu líkamstjóni skal greiða hinum slasaða eingreiddar miskabætur samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Tekjur hins slasaða hafa ekki áhrif á bæturnar.

Miskabætur greiðast ekki ef varanlegur miski er metinn minni en 10 stig Hafi slasaður áður fengið metinn varanlegan miska vegna annars bótaskylds slyss skal taka tillit til samanlagðs miska.

Hármarks varanlegur miski er 100 stig hvort heldur sem um er að ræða afleiðingar eins tiltekens slyss þegar um einn eða fleiri áverka er að ræða eða þegar um er að ræða uppsafnaðan miska vegna afleiðinga margra slysa. Við samlagningu miskastiga skal styðjast við hlutfallsreglu þá sem fram kemur í töflu örorkunefndar um miskastig.

Sjúkratryggingastofnuninni er heimilt að semja við lækna utan stofnunarinnar um að gera tillögu að mati á varanlegum miska umsækjenda.

5. mgr. 12. gr. laganna fellur brott.

12. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Ef slys veldur dauða innan tveggja ára frá slysdegi skal greiða maka eða sambúðarmaka eingreiðslubætur að fjárhæð kr. 4.900.000.

Nú lætur hinn látni ekki eftir sig maka eða sambúðarmaka sem á rétt á bótum samkvæmt 1. mgr. og skal þá bæta slysið með kr. 896.827 sem skiptist að jöfnu milli barna og/eða fósturbarna hins látna ef á lífi eru, en ella til dánarbús hans. Frá dánarbótum sem greiddar eru vandamönnum ber að draga þær örorkubætur sem greiddar hafa verið í einu lagi skv. 12. gr. vegna sama slyss.

3. mgr. fellur brott.

13. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Slysadagpeningar greiðast ekki fyrir sama tímabil og sjúkradagpeningar samkvæmt lögum um sjúkratryggingar. Hafi umsækjandi um slysadagpeninga þegar fengið greidda sjúkradagpeninga fyrir sama tímabili skulu slysadagpeningar nema mismuninum.

Slysadagpeningar vegna fleiri en eins slyss vegna sama tímabils geta að hámarki numið fullum dagpeningum samkvæmt 3. -4. mgr. 11. gr.

3. – 5. mgr. falla brott.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 15. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „mánaðarlegar bætur“ í 1. mgr. kemur: Bætur.
- b. Vísun í 12. gr. í 1. mgr. fellur brott.
- c. Í stað orðanna „slysalífeyris“ í 2. mgr. kemur: miskabóta.
- d. Á eftir orðunum „aftur í tímann“ í 2. mgr. kemur: og vexti á miskabætur.

15. gr.

20. gr. laganna ásamt fyrirsögn fellur brott.

16. gr.

Í stað orðanna „skulu renna til sjúkratryggingastofnunarinnar þann tíma sem“ í 6. mgr. 21. gr. laganna kemur: greiðast ekki fyrir sama tímabil og.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 25. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2021.
- b. 4. mgr. fellur brott.

18. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögum fellur brott.

19. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þeir sem fá mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur vegna örorkumats skv. 12. gr. laga um slysatryggingar almannatrygginga frá Tryggingastofnun í samræmi við 2. ml. 1. mgr. 3. gr., sem fellur brott, fá eftirstöðvar bóta greidda sem eingreiðslu í samræmi við nýja 14. gr. laganna og lýkur þannig greiðslu örorkubóta vegna slyssins.

Þeir sem fá mánaðarlegar dánarbætur maka skv. 13. gr. laga um slysatryggingar almannatrygginga greiddar frá Tryggingastofnun í samræmi við 2. ml. 1. mgr. 3. gr., sem fellur brott, fá það sem eftir stendur af bótarétti sínum greiddan í formi eingreiðslu frá sjúkratryggingastofnuninni.

Breytingar á öðrum lögum, í vinnslu.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Í frumvarpi þessu sem samið er í heilbrigðisráðuneytinu eru lagðar til breytingar á lögum, nr. 45/2015, um slysatryggingar almannatrygginga. Forsaga frumvarpsins er sú að þann 9. september 2019 skipaði heilbrigðisráðherra starfshóp og fól honum að endurskoða lögina og móta tillögur að nýju frumvarpi. Starfshópin skipuðu Berglind Ýr Karlsdóttir, tilnefnd af Sjúkratryggingum Íslands, formaður, Anna Birgit Ómarsdóttir, fulltrúi heilbrigðisráðuneytisins, Ágúst Þór Sigurðsson, fulltrúi félagsmálaráðuneytisins, Björn Þór Rögnvaldsson, tilnefndur af Vinnueftirlitinu og Ragna Haraldsdóttir, tilnefnd af Tryggingastofnun.

Samkvæmt skipunarbréfi hópsins voru helstu verkefni hans eftirfarandi:

- endurskoðun slyshugtaks laganna.
- endurskoðun tilvísana í önnur lög.
- endurskoðun á ákvæðum er varða bótarétt vegna slysa við ferðir til og frá vinnu, afmörkun hugtaka og atvinnusjúkdóma.
- Endurskoðun á ákvæðum er varða örorkumat varanlegrar örorku slysatrygginga almannatrygginga.

Frumvarpið er byggt á tillögum starfshópsins en þær breytingar sem lagðar eru til er ætlað að skýra réttarstöðu slysatryggðra samkvæmt lögum sem og að einfalda þau. Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Breyting á slyshugtaki laganna.
2. Breyting á ákvæði laganna um ferðir til og frá vinnu.
3. Sérstakri heimild bætt við lögina til að takmarka bótarétt vegna eigin sakar slasaða.

4. Breytingar á markmiðs- og gildisákvæðum laganna svo skýrt komi fram að tryggingavernd þeirra nái jafnframt til bótaskyldra atvinnusjúkdóma.
5. Breyting á ákvæði um tilkynningu slysa.
6. Breytingar sem ætlað er að skýra ákvæði laganna um örorku.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Í gildandi lögum er kveðið á um að lögin skuli endurskoða að tveimur árum liðnum frá gildistöku 1. janúar 2016 og því er ljóst að endurskoðun þeirra er tímabær. Nauðsynlegt er að gera breytingar á lögnum til að skýra réttarframkvæmd, skjóta skýrari stoð undir reglugerðir og draga úr markatilvikum. Gildandi lög byggja að einhverju leyti á gamalli framkvæmd og ýmis atriði í þeim hafa verið gagnrýnd á undanförunum árum. Í þessu samhengi má m.a. nefna þá tengingu sem enn er milli slysatrygginga almannatrygginga og bóta lífeyristrygginga samkvæmt lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar. Sjúkratryggingar Íslands tóku við slysatryggingum almannatrygginga árið 2008 þegar stofnunin var sett á fót. Tryggingastofnun sér þó enn um að greiða mánaðarlega út örorkubætur þar sem slysaörorka hefur verið metin 50% eða hærrí og dánarbætur. Nauðsynlegt er að skilja þarna á milli og að Sjúkratryggingar Íslands taki þannig alfarið yfir málaflökkinn.

Slysaflugtak laganna hefur einnig verið gagnrýnt m.a. fyrir það að skyndilegir áverkar vegna ofreynslu á líkama eða slæmrar vinnuáðstöðu falla ekki undir hugtakið. Má nefna í því samhengi að Alþjóðavinnuálastofnunin, ESB og Vinnueftirlitið telja slíkt til vinnuslysa og slysaflugtak gildandi laga er þannig ekki samræmi við túlkun þeirra.

Nauðsynlegt er að lögnum verði breytt svo skýrt sé að tryggingavernd laganna nái einnig til bótaskyldra atvinnusjúkdóma. Gildandi lög kveða einungis á um að í reglugerð skuli ákveða að tiltekni atvinnusjúkdómar séu bótaskyldir samkvæmt lögnum. Slík reglugerð hefur aldrei verið sett.

Örorkubætur samkvæmt gildandi lögum eru bætur fyrir svokallaða lækniþræðilega örorku en aldrei hefur verið gerð sérstök grein fyrir því um hvers konar örorku er að ræða. Að því leyti er hugtakið óskýrt og jafnvel villandi. Að auki eru bætur samkvæmt lögnum greiddar samkvæmt ógagnsærri reiknireglu reglugerðar nr. 187/2005, um eingreiðslu örorkubóta Tryggingastofnunar ríkisins.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögnum sem meðal annars er ætlað að taka á framangreindum atriðum.

3. Meginefni frumvarpsins.

3.1 Slysaflugtak laganna.

Í frumvarpinu er lögð til rýmkun á slysaflugtaki laganna. Gildandi lög gera ráð fyrir að með slysi sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama hins tryggða og gerist án vilja hans. Lagt er til að slysaflugtakinu verði breytt á þá leið að með slysi sé átt við skyndilegan óvæntan atburð sem veldur meiðslum á líkama hins tryggða og gerist án vilja hans. Hugtakinu *utanaðkomandi* er þannig breytt í *óvænt*. Breytingin verður til þess

að verði frumvarpið samþykkt þá falla undir slysatryggingar almannatrygginga slys sem rekja má til skyndilegra áverka vegna ofreynslu á líkama eða slæmrar vinnuáðstöðu, t.d. þegar þungri byrði er lyft eða ýtt. Slík mál hafa ekki verið bótaskyld á grundvelli gildandi slyshugtaks laganna og hefur það sætt gagnrýni. Rýmkun á slyshugtaki laganna er í samræmi við viðmið Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, ESB og Vinnueftirlitsins um hvað teljist til vinnuslysa. Breytingin hefur ekki í för með sér neina þrengingu á bótarétti samkvæmt gildandi lögum.

Þrátt fyrir að slyshugtakið sé rýmkað með fyrrgreindum hætti er eftir sem áður skilyrði bótaskyldu að tjón verði rakið til tiltekins og afmarkaðs atviks sem verður skyndilega. Þannig munu áfram falla utan slyshugtaksins áverkar sem má rekja til langvarandi eða skammvinnis álags á stoðkerfi og ekki verða raktir til neins afmarkaðs atviks. Jafnframt falla utan slyshugtaksins veikindi eða áverkar sem koma fram þegar einstaklingur er staddur í vinnu eða við aðrar aðstæður þar sem trygging samkvæmt lögunum á við, en tengjast ekki framkvæmd verks eða skilyrðum sem voru fyrir hendi. Sem dæmi má nefna hjartaáfall eða aðsvif sem verður á vinnustað eða t.d. við framkvæmd heimilisstarfa, en orsök er að finna innra með slasaða sjálfum. Hið sama á við ef einstaklingur, t.d. misstígur sig eða fær verk í bak án þess að til komi eitthvert atvik, skyndilegt eða óvænt, sem orsakar það.

Við vinnslu frumvarpsins var löggjöf um slysatryggingar í Noregi og Danmörku skoðuð en slyshugtök þeirra laga eru ekki samræmd og ólík slyshugtaki íslensku laganna. Fremur en að horfa til Norrænnar lagaframkvæmdar er horft til þess hvaða annmarkar eru á gildandi lögum og reynt að bregðast við gagnrýni á þau.

3.2 Breyting á ákvæði um leið til og frá vinnu.

Lagðar eru til breytingar á ákvæði b-liðar 2. mgr. 5. gr. gildandi laga um leiðir til og frá vinnu þannig að tryggingarvernd nái til nauðsynlegra ferða á eðlilegri leið til og frá vinnu. Skilyrði um *eðlilega leið* er þannig bætt við ákvæði gildandi laga en með þeirri viðbót er hugsunin að skjóta fyllri lagastoð undir áralanga framkvæmd þar sem einungis ferðir á því sem næst beinni leið milli heimilis og vinnustaðar hafa verið felldar undir tryggingaverndina. Bótaskyldu vegna slysa í verulegum útúrdúrum í slíkum ferðum hefur þannig verið synjað.

3.3 Heimild til að takmarka bótarétt vegna eigin sakar slasaða.

Lagt er til að bætt verði inn í lögin heimild til að fella niður eða takmarka bótarétt vegna eigin sakar hins slasaða. Gert er ráð fyrir að reglunni verði beitt í undantekningartilvikum þegar slysi er valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Má þar helst nefna slys þar sem slasaði er undir áhrifum áfengis og/eða fíkniefna sem hefur ótvíræð áhrif á færni viðkomandi einstaklings.

3.4 Atvinnusjúkdómar.

Í frumvarpinu er lagt til að markmiðs- og gildissviðsákvæðum laganna verði breytt svo skýrt komi fram að tryggingavernd samkvæmt lögnum nái einnig til bótaskyldra atvinnusjúkdóma. Enn fremur er lagt til að við löginn bætist ný grein þar sem atvinnusjúkdómar eru skilgreindir í fyrsta skipti í lögnum, sem sjúkdómar sem orsakast af vinnu eða aðstæðum í starfsumhverfi. Er þannig lögð áhersla á að orsakasamband við vinnu liggi fyrir. Þessi skilgreining er í samræmi við a-lið 2. gr. reglugerðar nr. 540/2011, um tilkynningu og skráningu atvinnusjúkdóma. Sú skilgreining byggir meðal annars á viðmiðum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar og ESB um hvað teljist til atvinnusjúkdóma. Loks er lagt til að skýrt verði í lögnum að öll ákvæði þeirra sem snúi að slysatryggingum eigi við um bótaskylda atvinnusjúkdóma eftir því sem við getur átt, en það er í samræmi við gildandi framkvæmd. Þannig er til dæmis átt við að atvinnusjúkdómar skuli tilkynntir til Sjúkratrygginga Íslands af atvinnurekenda eða hinum sjúka, sbr. 6. gr. gildandi laga.

Í gildandi lögum er ákvæði um atvinnusjúkdóma, sbr. 6. mgr. 5. gr. laganna. Í ákvæðinu segir það eitt að ákveða skuli með reglugerð að tilteknir atvinnusjúkdómar skuli vera bótaskyldir. Slík reglugerð hefur aldrei verið sett og því hefur ekki að öllu leyti verið skýrt til hvaða sjúkdóma tryggingin nær. Sjaldgæft er að sótt sé um bætur vegna atvinnusjúkdóma til Sjúkratrygginga Íslands, en mögulegt er að framangreindar breytingar muni auka þekkingu á réttindunum og verði til þess að umsóknum fjölgi. Verði frumvarpið að lögum verður samhliða breyttri löggjöf sett reglugerð með yfirliti yfir bótaskylda atvinnusjúkdóma en í því samhengi verður horft til viðauka I við tilmæli framkvæmdastjórnar ESB 2003/670/EB og leiðbeiningar ESB frá 2009 um greiningu atvinnusjúkdóma. Reglugerð nr. 540/2011, um tilkynningu og skráningu atvinnusjúkdóma, byggir á framangreindum tilmælum og leiðbeiningum og á heimsíðu Vinnueftirlitsins er birtur listi yfir atvinnusjúkdóma sem þar eru nefndir.

3.5 Breyting á ákvæði um tilkynningu slysa.

Lagt er til í frumvarpinu að ákvæði um tilkynningu slysa verði breytt. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. gildandi laga skal tilkynna slys til lögreglustjóra eða umboðsmanns hans, en í Reykjavík til Sjúkratrygginga Íslands. Ákvæðið er gamalt og ekki í samræmi við framkvæmd. Lagt er því til að í nýju ákvæði komi fram að tilkynna skuli slys til Sjúkratrygginga Íslands í samræmi við framkvæmd í dag.

3.6 Ákvæði laganna um örorku skýrð – metinn verði varanlegur miski samkvæmt skaðabótalögum.

Lagt er til að bætur fyrir varanlegt líkamstjón samkvæmt lögnum verði miskabætur samkvæmt skaðabótalögum nr. 50/1993, með síðari breytingum. Örorkubætur samkvæmt gildandi lögum um slysatryggingar almannatryggingar eru bætur fyrir svokallaða læknisfræðilega örorku. Ekki hefur verið gerð sérstök grein fyrir því um hvers kyns örorku er að ræða í lögum um slysatryggingar almannatrygginga eða skýringartexta við þau, en um þetta má m.a. vísa til greinar Páls Sigurðsonar um örorkumöt í Tímariti lögfræðinga, 2. hefti 1972,

og umfjöllunar Guðmundar Sigurðssonar og Ragnhildar Helgadóttur í bókinni *Almannatrygginga og félagsleg aðstoð* (2007).

Varanleg læknisfræðileg örorka byggir á læknisfræðilegu mati þar sem metin er til hundraðshluta varanleg skerðing á líkamlegri og eftir atvikum andlegri færni hjá einstaklingum sem orðið hafa fyrir líkamstjóni. Allir eru þar metnir frá sömu forsendum og ekki er tekið tillit til menntunar, starfs eða áhugamála við matið. Matið tekur þannig ekki mið af því hversu miklar fjárhagslegar afleiðingar líkamstjón vegna slyss hefur, öfugt við það sem nafn bóttanna getur gefið til kynna. Upphæð bótagreiðslna fyrir varanlega læknisfræðilega örorku samkvæmt gildandi lögum tekur mið af upphæð örorkubóta lífeyrstrygginga frá Tryggingastofnun, sbr. ákvæði 1. mgr. 12. gr. laganna. Reglugerð nr. 187/2005, um eingreiðslu örorkubóta Tryggingastofnunar ríkisins, sem ekki hefur verið uppfærð frá því að Sjúkratryggingar Íslands tóku við málaflokknum árið 2008, hefur svo að geyma óskýra reiknireglu um eingreiðslumat bóta fyrir varanlega læknisfræðilega örorku þegar mat er undir 50 stigum.

Mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku samkvæmt gildandi lögum er fyrst og fremst byggt á miskatöflum örorkunefndar (2019) og hliðsjónarritum þeirra. Í inngangi miskataflanna kemur fram að í skaðabótalögum sé hugtakið varanlegur miski notað um læknisfræðilega örorku. Þannig er ljóst að hugtakið *varanleg læknisfræðileg örorka* er náskyld miskahugtaki skaðabótalaga og er í nánast öllum tilvikum um sömu stigatölu að ræða. Helsti munurinn á hugtökunum tveimur er sá að lítið er svo á að hugtakið *miski* geti gefið svigrúm fyrir mat á sérstökum erfiðleikum sem tjón veldur í lífi einstaks tjónþola, í samræmi við orðalag 4. gr. skaðabótalaga, sjá umfjöllun Eiríks Jónssonar og Viðars Mús Matthíassonar í ritinu *Bótaréttur I* (2015). Hið sama á ekki við um mat á *varanlegri læknisfræðilegri örorku* samkvæmt núgildandi lögum um slysatryggingar almannatrygginga.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að í stað þess að bæta varanlega læknisfræðilega örorku, sem er óskýrt hugtak og jafnvel villandi, og greiða bætur samkvæmt ógagnsærri reiknireglu reglugerðar nr. 187/2005, um eingreiðslu örorkubóta Tryggingastofnunar ríkisins, verði ákveðið að bæta varanlegt líkamstjón vegna bótaskyldra slysa með miskabótum samkvæmt skaðabótalögum. Bætur fyrir varanlegan miska eru heldur hærri en fyrir læknisfræðilega örorku samkvæmt gildandi lögum og er þannig um réttarbót að ræða. Enn fremur má segja að með þessu yrði réttaróvissu eytt, þar sem um bótagreiðsluna myndi gilda skýr og þekkt reikniregla skaðabótalaga auk þess sem nafn bótagreiðslunnar myndi gefa til kynna um að er að ræða bætur fyrir líkamstjón án þess að tekið sé tillit til fjárhagslegs tjóns. Mat á varanlegum miska og varanlegri læknisfræðilegri örorku er að öðru leyti svo líkt að breytingin er ekki líkleg til að valda vandkvæðum í framkvæmd.

3.7 Bætur slysatrygginga almannatrygginga verði eingreiðslubætur og greiðist af Sjúkratryggingum Íslands.

Samkvæmt gildandi lögum er stór hluti bóta slysatrygginga almannatrygginga greiddar mánaðarlega, þ.e. bætur fyrir læknisfræðilega örorku sem metin er 50 stig eða fleiri og dánarbætur. Þessar mánaðarlegu greiðslur eru greiddar af Tryggingastofnun, sbr. 3. gr.

gildandi laga. Um er að ræða gamalt fyrirkomulag þar sem slysatryggingar almannatrygginga heyrðu, allt fram til ársins 2008, undir Tryggingastofnun. Þar sem þessar mánaðarlegu greiðslur eru að sumu leyti sambærilegar lífeyrisgreiðslum á grundvelli laga um almannatryggingar og voru greiddar úr sama greiðslukerfi, var tekin ákvörðun um að halda því fyrirkomulagi að Tryggingastofnun greiddi þær út eftir að Sjúkratryggingar Íslands voru settar á fót og tóku við málaflokknum. Þetta fyrirkomulag er þó ógagnsætt og ekki heppilegt til lengri tíma litið, auk þess sem það veldur óþarfa flækjum við færslu bókhalds milli tveggja stofnana sem heyra undir sitthvort ráðuneytið.

Í frumvarpinu er lagt til að allar bætur laganna verði eingreiðslubætur sem greiðist af Sjúkratryggingum Íslands. Er litið til þess að miskabætur samkvæmt skaðabótalögum eru ávallt eingreiðslubætur, en einnig þess að það fyrirkomulag, að bætur slysatrygginga almannatrygginga geti verið á formi mánaðarlegra lífeyrisgreiðslna sé arfur frá fyrri tíð þegar alvarleg slys voru tíðari, en mikill árangur hefur náðst í að draga úr fjölda slíkra slysa.

Árlega koma upp 1-3 tilfelli þar sem Sjúkratryggingar Íslands meta varanlegt líkamstjón vegna slyss 50 stig eða fleiri og umsækjandi öðlast rétt til mánaðarlegra lífeyrisgreiðslna. Til viðbótar eru nokkrir einstaklingar sem fá lægra mat, en sameiginlegt mat vegna eldri slysa fer yfir 50 stig. Að sama skapi eru 1-3 tilvik á ári þar sem eftirlifandi maki öðlast rétt til *átta ára dánarbóta* samkvæmt gildandi lögum. Rúmlega 130 einstaklingar fá greiddar mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur vegna slysa frá Tryggingastofnun og um 15 einstaklingar fá greiddar mánaðarlegar dánarbætur maka vegna slysa frá sömu stofnun. Ekki er því um stóran hóp að ræða.

Lagt er til að þessari breytingu fylgi ákvæði til bráðabirgða þar sem gert er ráð fyrir að þeir einstaklingar sem fá greiddar mánaðarlegar dánarbætur maka fái eftirstöðvar bótanna greiddar sem eingreiðslu. Lagt er til að barnalífeyrir vegna andláts foreldris falli úr lögnum, enda má sækja sambærilegan rétt vegna andláts foreldris til Tryggingarstofnunar óháð því hvort slys olli dauða eða ekki. Enn fremur er lagt til að þeir sem öðlast hafa rétt til mánaðarlegra lífeyrisgreiðslna vegna varanlegs líkamstjóns (nú varanlegrar læknisfræðilegrar örorku) geti óskað eftir því að fá örorkumat sitt gert upp í formi eingreiðslu og ljúki þannig greiðslu bóta vegna slyssins frá Sjúkratryggingum Íslands. Lagt er þó til að þeir einstaklingar sem nú þegar hafa öðlast rétt til mánaðarlegra lífeyrisgreiðslna vegna örorku í kjölfar slyss hafi val um að halda mánaðarlegum lífeyrisgreiðslum áfram kjósi þeir það fremur.

Framangreind breyting er þannig liður í aðskilja bótagreiðslur slysatrygginga almannatrygginga frá Sjúkratryggingum Íslands frá bótum lífeyristrygginga almannatrygginga frá Tryggingastofnun og er þannig til einföldunar á bótakerfinu. Það fyrirkomulag sem gildandi lög kveða á um er óþarflega flókið verkefni tveggja ríkisstofnana sem þjónar fáum einstaklingum. Breytingin færir bætur slysatrygginga nær bótum váttryggingafélaga vegna líkamstjóna og gerir Sjúkratryggingum Íslands kleift að loka bótamálum sem stofnunin hefur til meðferðar.

3.7 Tenging milli bóta slysatrygginga almannatrygginga og bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar falla niður.

Lagt er til að samtengingu bóta samkvæmt lögum um slysatryggingar almannatrygginga og lögum um almannatryggingar verði slitið. Þannig falli niður ákvæði um að bætur samkvæmt lagabálkunum tveimur fari ekki saman. Í því felst að örorkumat (sem endurhæfingarmat) hjá Tryggingastofnun kæmi eftir breytinguna ekki í veg fyrir rétt einstaklings til þess að fá mat á varanlegum miska (nú varanlegri læknisfræðilegri örorku) vegna bótaskylds slyss. Örorkumat, endurhæfingarmat eða ellilífeyrir frá Tryggingastofnun myndu heldur ekki koma í veg fyrir rétt til fullra slysadagpeninga vegna bótaskylds slyss, öfugt við það sem nú er. Í breytingunni myndi einnig felast að miskamat vegna bótaskylds slyss (nú mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku) myndi ekki hafa áhrif á hlutfall örorkulífeyrisgreiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar hjá Tryggingastofnun, líkt og nú er.

Það að eingreiðslubætur slysatrygginga skerði hlutfall örorkulífeyrisgreiðslna (eingreiðslna vegna t.d. 10 stiga mats verður samkvæmt gildandi lögum til þess að grunnlífeyrir skerðist um 10 %) byggir á gamalli framkvæmd sem átti betur við þegar um einn og sama lagabálg var að ræða svo og þegar sama stofnunin sá um að annast greiðslu bóttanna. Reglurnar urðu til þegar mun algengara var en nú að slyss leiddu til verulegs líkamstjóns eða jafnvel dauða. Eins og áður hefur komið hefur alvarlegum slysum sem valda miklu líkamstjóni fækkað verulega á undanförunum árum. Örorkumat á grundvelli laga um almannatryggingar byggir á örorkustaðli sem byggir á öðrum forsendum en mat á varanlegum miska og varanlegri læknisfræðilegri örorku. Fjöldmörg dæmi eru um að einstaklingur sem fengið hefur metinn miska eða varanlega læknisfræðilega örorku vegna slyss sé engu að síður vinnufær, enda tekur slíkt mat ekki mið af vinnufærni. Síðar á lífsleiðinni kann að koma að því að viðkomandi eigi rétt til örorku samkvæmt lögum um almannatryggingar vegna heilsubreysts, sem er ótengdur slysinu, en eins og reglurnar eru í dag þarf viðkomandi engu að síður að þola skerðingu á lífeyrisgreiðslum vegna slysamatsins. Slík skerðing verður að teljast ósanngjörn.

Þar sem um er að ræða ólík réttindi sem byggja á ólíkum grunni og lögum, er lagt til að réttur til örorkubóta samkvæmt lögum um slysatryggingar almannatrygginga hafi ekki áhrif á rétt til örorkubóta samkvæmt lögum um almannatryggingar og öfugt. Má í því sambandi benda á að bætur vegna líkamstjóna vegna slysa frá váttryggingafélögum hafa hvorki áhrif til skerðingar á lífeyrisréttindum samkvæmt lögum um almannatryggingar né samkvæmt lögum um slysatryggingar almannatrygginga.

3.8 Eingreiðslubætur örorku vegna slyss hafi ekki áhrif á slysadagpeninga eða sjúkradagpeninga.

Lagt er til að eingreiðsla örorkubóta vegna bótaskylds slyss muni ekki lengur skerða slysadagpeninga eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um sjúkratryggingar vegna síðara slyss eða veikinda. Samkvæmt gildandi lögum skerðast báðar tegundir dagpeninga vegna síðara atviks ef einstaklingur hefur einhvern tíma fengið eingreiðslu vegna slyss og

sanngirnirök liggja til þess að sú tenging verði felld úr lögum. Tilvikin eru tiltölulega fá ár hvert og viðbótarkostnaður lágur.

3.9 Ákvæði um frjálsar slysatryggingar falli niður.

Í frumvarpinu er lagt til að 20. gr. gildandi laga falli niður. Í ákvæðinu er kveðið á um að Sjúkratryggingar Íslands hafi heimild til að taka að sér frjálsar slysatryggingar. Ekki eru nein dæmi um að heimildinni hafi verið beitt og því óþarf að halda heimildinni inni í lögnum.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið gaf ekki tilefni til að skoða samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

5. Samráð.

Frumvarpið var unnið í heilbrigðisráðuneytinu en er byggt á tillögum starfshóps sem skipaður var af heilbrigðisráðherra, líkt og fyrir greinir. Starfshópurinn var skipaður fulltrúum frá Sjúkratryggingum Íslands, heilbrigðisráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, Tryggingastofnun og Vinnueftirlitinu.

Frumvarpið var birt í samráðsgátt 12. febrúar 2020.

6. Mat á áhrifum.

Verði frumvarpið að lögum mun það stuðla að því að gera uppbyggingu á framsetningu ákvæða um slysatryggingar aðgengilegri en nú er. Þannig er slysatryggðum auðveldað að nálgast upplýsingar um réttindi sín vegna þeirra slysa sem lögin taka til. Þá stuðla þær breytingar sem lagðar eru til að því að auka réttindi slysatryggða og tryggja þannig betur stöðu þeirra ef slysa verða.

Ef ekki kemur til breytinga á lögnum er hætt á að slysatryggðir einstaklingar fái ekki bætur vegna vinnuslysa eða atvinnusjúkdóma. Að auki myndu einstaklingar sem fá greiðslur frá Tryggingastofnun þurfa að sæta því að greiðslur til þeirra verði áfram skertar vegna greiðslna úr slysatryggingu almannatrygginga.

Breytingar á slyshugtakinu auk breytinga á ákvæði laganna um atvinnusjúkdóma ættu að leiða til fjölgunar á umsóknum um bætur úr slysatryggingu almannatrygginga til Sjúkratrygginga Íslands. Þá eiga breytingar á greiðslufyrirkomulagi og því að ekki komi til skerðingar á greiðslum frá Tryggingastofnun að leiða til hærri greiðslna til sjúkratryggðra.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Á ákvæðinu er gerð orðalagsbreyting sem ætlað er að leggja áherslu á að löggjöfin nær ekki aðeins til slysa heldur einnig til atvinnusjúkdóma sem ekki eru orsakaðir af slysum.

Um 2. gr.

Orðalagsbreyting í 1. mgr. 2. gr. þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 3. gr.

Á 1. mgr. 3. gr. er gerð sú breyting að bætur slysatrygginga almannatrygginga vegna slysa sem lögin ná til verði alfarið greiddar með eingreiðslu frá sjúkratryggingastofnuninni samkvæmt reiknireglu 4. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, um útreikning á varanlegum miska. Er það breyting frá gildandi lögum þar sem bæturnar eru greiddar mánaðarlega. Um stöðu þeirra sem þegar fá greiddar mánaðarlegar greiðslur á grundvelli greinarinnar vísast til 15. gr. frumvarpsins og umfjöllunar um hana.

Um 4. gr.

Lögð er til sú breyting á 1. mgr. 5. gr. að lögin taki til slysa við tilteknar íþróttæfingar, íþróttasýningar og íþróttakeppnir. Er það til samræmis við breytingar sem koma fram í e-lið 1. mgr. 7. gr. þar sem lagt er til að tryggingarnar verði takmarkaðar við tiltekna hópa íþróttafólks. Sjá nánar skýringar við 6. gr. frumvarpsins.

Jafnframt eru lagðar til breytingar á slyshugtaki 1. mgr. ákvæðisins. Lagt er til að hugtakið nái yfir „skyndilegan óvæntan atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.“ Samkvæmt gildandi lögum er með slysi átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á hinum tryggða og gerist án vilja hans. Þannig er orðinu „utanaðkomandi“ skipt út fyrir „óvæntan“. Skilgreining á hugtakinu slysi var fyrst lögfest með lögum nr. 74/2002, en fram að þeim tíma var það ekki skilgreint í lögum. Samkvæmt greinargerð með þeim lögum er skilgreiningin hin sama og gildir í váttryggingarétti. Skilyrðið að atburður sem veldur slysi verði að vera „skyndilegur og utanaðkomandi“ hefur almennt verið skýrður á þá leið að eitthvað þurfi að gerast og hafa áhrif á einstakling utan frá. Orsök slyss sé að leita utan líkama hins slasaða og að frávik verði að hafa orðið frá eðlilegri atburðarás. Atburð má ekki vera að rekja til einhvers innan líkama hins slasaða, þ.e. líkamsástands eða sjúkdóms. Breytingu á orðalagi greinarinnar er ætlað að víkka hugtakið og fella út það skilyrði að um sé að ræða atvik sem hefur áhrif á einstakling utan frá, þannig að undir það geti fallið tilvik þar sem ofreynsla á líkama eða slæmar vinnuáðstæður valda áverka. Eftir breytinguna mun slyshugtakið þannig ná yfir skyndilega áverka, t.d. á vöðva eða bein, eftir að of þungri byrði er lyft eða ýtt, eða eftir önnur sambærileg tilvik.

Eftir sem áður verður það skilyrði að um sé að ræða tiltekið og afmarkað atvik sem verður skyndilega. Þannig munu áfram falla utan slyshugtaksins áverkar sem er að rekja til langvarandi eða skammvinnns álags á stoðkerfi og ekki verða raktir til neins afmarkaðs atviks.

Einnig munu áfram falla utan slyshugtaksins veikindi eða áverkar sem koma fram þegar einstaklingur er staddur í vinnu eða við aðrar aðstæður þar sem trygging samkvæmt lögnum á við, en tengjast ekki framkvæmd verks eða skilyrðum sem voru fyrir hendi. Sem dæmi um slíkt má nefna hjartaáfall eða aðsvif sem verður á vinnustað eða t.d. við framkvæmd heimilisstarfa, en orsök er að finna innra með slasaða sjálfum. Hið sama á við ef einstaklingur t.d. misstígur sig eða fær verk í bak án þess að til komi eitthvert atvik, skyndilegt og óvænt, sem orsakar það. Slík tilvik munu áfram falla utan tryggingaverndar.

Lagðar eru til breytingar á b-lið 2. mgr. ákvæðisins þannig að bætt er við áskilnaði um að til þess að maður teljist vera í vinnu þurfi hann að vera á „eðlilegri leið“ til og frá vinnu. Breytingunni er ætlað að skjóta fyllri lagastoð undir áralanga framkvæmd slysatrygginganna þar sem einungis ferðir á því sem næst beinni leið milli heimilis og vinnustaðar hafa verið felldar undir tryggingaverndina en slysum í verulegum útúrdúrum í slíkum ferðum synjað.

Með viðbót við 3. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir að heimilt sé að fella niður eða takmarka bótarétt vegna eigin sakar hins slasaða. Undantekningin á við um alla sem lögin ná til, einnig sjómenn sem staddir eru í heimahöfn og friðargæsluliða sem nefndir eru í ákvæði 3. mgr. 5. gr. Fram að þessu hefur ekki verið að finna heimild til þess að fella niður eða takmarka bótarétt vegna eigin sakar í lögum vegna slysatrygginga almannatrygginga. Samkvæmt núgildandi lögum er aðeins heimilt að fella niður bótarétt ef slys hlýst af athöfn slasaða sjálfs sem ekki stendur í neinu sambandi við vinnuna. Í framkvæmd hefur þetta verið eina reglan sem unnt hefur verið að grípa til þyki slasaði hafa valdið slysi af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi og ekki hefur verið litið svo á að sú regla nái til slysa á sjómönnum né friðargæsluliðum við störf. Afar fátítt er að slysum sé valdið af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi. Helstu atvikin sem þar er um að ræða eru slys þar sem slasaði er undir áhrifum áfengis eða fíkniefna. Gert er ráð fyrir að reglunni verði beitt í undantekningartilvikum.

Ákvæði 6. mgr. ákvæðisins er felld brott en í ákvæðinu er kveðið á um skyldu ráðherra til þess að ákveða með reglugerð að tilteknir atvinnusjúkdómar skuli teljast bótaskyldir er flutt og verður 3. mgr. nýrrar 5. gr. a um atvinnusjúkdóma.

Um 5. gr.

Ný 5. gr. a. grein um atvinnusjúkdóma ásamt orðalagsbreytingum á 1. og 2. gr. laganna, er ætlað að leggja aukna áherslu á að lög um slysatryggingar almannatrygginga gilda einnig um bótaskylda atvinnusjúkdóma. Með atvinnusjúkdómi er átt við sjúkdóm sem orsakast af vinnu eða aðstæðum í starfsumhverfi. Er með því lögð áhersla á það grundvallaratriði að sjúkdóm verði að vera hægt að rekja til starfs.

Í 2. mgr. ákvæðisins er tekin allur vafi af um það að allar greinar laganna sem samkvæmt orðanna hljóðan fjalla um slysatryggingar eiga einnig við um atvinnusjúkdóma, eftir því sem við getur átt. Breytingarnar staðfesta þannig þá framkvæmd að meðferð mála hjá Sjúkratryggingum Íslands vegna bótaskyldra atvinnusjúkdóma er hin sama og vegna bótaskyldra slysa og bætur samkvæmt lögnum eiga einnig við um bótaskylda atvinnusjúkdóma. Þegar vísað er til „slysatryggðra“ í lögnum er þannig einnig átt við þá sem veikjast af bótaskyldum atvinnusjúkdómi.

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins skal ráðherra setja reglugerð þar sem fram kemur hvaða atvinnusjúkdómar skuli teljast bótaskyldir. Ákvæðið kemur í stað núgildandi 6. mgr. 5. gr.

Um 6. gr.

Með breytingu á orðalagi í 1. mgr. 6. gr. er felld út aðkoma lögreglustjóra að því að tilkynna um slys til Sjúkratrygginga Íslands. Núgildandi orðalag ákvæðisins er úrelt og hefur ekki verið beitt um langt árabil.

Með viðbót við 2. mgr. ákvæðisins er settur inn 10 ára hámarksfrestur til að tilkynna slys. Með breytingunni er 10 ára fyrningaregla gefin skýr lagastoð. Eðlilegt er að kröfur samkvæmt slysatryggingum almannatrygginga fymist á 10 árum frá tjónsatburði eins og aðrar skaðabótakröfur. Forsendur fyrir réttindum sem orðin eru meira en 10 ára gömul eru oft mjög óljós og tímafrekt og flókið getur verið að upplýsa þau, ekki síður fyrir umsækjendur en hið opinbera. Í 2. mgr. er einnig sett inn það skilyrði að í slysum þar sem tilkynningar berast að liðnum eins árs tilkynningarfresti skuli læknisfræðileg orsakatengsl vera ljós milli slyssins og einkenna slasaða þegar tilkynning berst. Er þetta til samræmis við ákvæði reglugerðar um tilkynningafrest slysa og langa framkvæmd.

Með nýrri 3. mgr. ákvæðisins er Sjúkratryggingum Íslands heimilað að ákveða að tilkynna skuli um slys með rafrænum hætti og að málsmeðferð og ákvarðanir verði jafnframt rafrænar. Með rafrænum samskiptum er umhverfisvernd, hagræðing í rekstri og skilvirk samskipti við einstaklinga og fyrirtæki höfð að leiðarljósi.

Um 7. gr.

Með nýjum 2. ml. e-liðar 7. gr. er kveðið á um að ráðherra sé með reglugerð heimilt að takmarka tryggingarnar við tiltekna hópa íþróttafólks, þannig að tryggingin nái til þeirra sem æfa hjá forbundnum íþróttafélögum sem hafa íþróttaiðkun að meginmarkmiði.

Með nýrri 5. mgr. ákvæðisins er skýrt það skilyrði slysatryggingar að laun vegna vinnu hafi verið gefin upp til skatts. Þegar ákveðið er hvort einstaklingur sé tryggður sem launþegi samkvæmt 3. mgr. 7. gr. er litið til þess hvort laun hafi verið talin fram. Rétt er að þetta atriði sé skýrt varðandi alla hópa á vinnumarkaði, launþega sem og þá sem eru sjálfstætt starfandi.

Um 8. gr.

Lögð er til orðalagsbreyting á 1. mgr. 9. gr. Í ákvæðinu kemur fram hvaða tjón slysatryggingar almannatrygginga bæta. Lagt er til að vísun í örorkubætur verði felld brott úr ákvæðinu og fremur vísað til miskabóta vegna varanlegs líkamstjóns. Notkun á hugtakinu örorkubætur í þessu samhengi er villandi. Er því lagt til að nota fremur hugtakið miskabætur vegna varanlegs líkamstjóns. Örorkubætur samkvæmt gildandi lögum eru bætur fyrir svokallaða læknisfræðilega örorku. Varanleg læknisfræðileg örorka byggir á læknisfræðilegu mati þar sem metin er til hundraðshluta varanleg skerðing á líkamlegri og eftir atvikum andlegri færni hjá einstaklingum sem orðið hafa fyrir líkamstjóni. Allir eru þar metnir út frá

sömu forsendum og ekki tekið tillit til menntunar, starfs eða áhugamála við matið. Matið tekur þannig ekki mið af því hversu miklar fjárhagslegar afleiðingar líkamstjón vegna slyss hefur, öfugt við það sem nafn bótanna gefur til kynna.

Um 9. gr.

Lögð er til breyting á d- og e-lið 1. tl. 1. mgr. 10. gr. Breytingarnar hafa ekki í för með sér efnislegar breytingar. Um er að ræða tilfærslu á réttindum vegna gervitanna þannig að þau standi með almennum réttindum til greiðslna vegna tannlækninga, frekar en með réttindum um hjálpartæki.

Með viðbót við g-lið 1. mgr. 10. gr. er, auk greiðslu á sjúkraþjálfun, nú til viðbótar kveðið á um greiðslu á iðjuþjálfun og talþjálfun. Að greiða kostnað við iðjuþjálfun og talþjálfun er nýmæli í lögum um slysatryggingar almannatrygginga. Í fáum en alvarlegum slysum getur reynt á hvort sem er iðju- eða talþjálfun vegna afleiðinga slysanna. Eðlilegt er að slysatryggingar almannatrygginga hafi þá heimild til að greiða slíkan kostnað að fullu eins og gildir um sjúkraþjálfun. Þá er einnig fellt út orðið „orkulækningar“ í sama staflið þar sem slíkar lækningar falla undir a-lið 1. mgr. eftir því sem við á. Um er að ræða gamalt orðalag sem hefur óskýra merkingu í nútímamáli.

Með breytingu á síðari málslið a-liðar 2. tl. er orðalagi breytt, í þeim tilgangi að skýra lagaákvæðið. Ekki er um efnislega breytingu að ræða frá því sem verið hefur.

Með nýjum b-lið 2. tl. er ákvæðinu breytt til samræmis við langvarandi framkvæmd og ekki gerður greinarmunur á því hvort lengri ferðir eru farnar í áætlunarflugi eða hvort áætlunarbíll eða -skip er notað. Einnig er nú skýrt að heimilt er að greiða kílómetragjald ef eigin bifreið er notuð í þessum ferðum. Upphæð kílómetragjalds fer eftir reglugerð um ferðakostnað sjúkratryggðra og aðstandenda þeirra innanlands. Með því að hækka viðmið þessara ferða úr 15 km í 20 km er skýrt að ákvæðið nær ekki til ferða sem farnar eru innan höfuðborgarsvæðisins, en þvermál þess hefur aukist mjög undanfarin ár og áratugi frá því ákvæðið var fyrst sett í lög.

Með brottfalli c-liðar 3. tl. er felld út grein sem hefur afar takmarkað gildi, þ.e. hún nær til fárra tilvika, og hefur ekki verið beitt síðastliðin ár eða áratugi. Eftir að ákvæðið fellur niður er ljóst að ekki er réttur til greiðslu ferðakostnaðar með strætisvögnum innanbæjar úr slysatryggingum almannatrygginga og ekki getur verið réttur til kílómetragjalds vegna ferða í einkabíl ef ferð er undir 20 km. Samkvæmt ákvæði a-liðar 2. tl. getur hins vegar verið réttur til greiðslu fyrir leigubíl í þessum tilvikum.

Um 10. gr.

Lögð er til sú breyting að fella brott úr 1. mgr. 11. gr. laganna að dagpeningar greiðist þangað til úrskurður er felldur um varanlega örorku. Varanlegur miski samkvæmt skaðabótalögum ber vexti frá slysdegi. Samkvæmt gildandi lögum eru bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku ekki greiddar fyrir sama tímabil og dagpeningar. Lagt er til að þessu verði breytt þannig að greiðslur dagpeninga verði alls óháðar miskamati.

Dagpeningum er ætlað að bæta tekjutap hins slasaða á meðan veikindaförföllum stendur og eðlilegt er að bætur fyrir varanlegt líkamstjón (miska) hafi ekki áhrif á þann rétt.

Á 2. mgr. eru gerðar orðalagsbreytingar í samræmi við efni frumvarpsins.

Um 11. gr.

Breytingar á 12. gr. laganna miða fyrst og fremst að tvennu. Annars vegar að því að ákveða að bætur fyrir varanlegt líkamstjón samkvæmt lögum þessum séu miskabætur samkvæmt skaðabótalögum nr. 50/1993 og hins vegar að því að fella niður mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur vegna varanlegs líkamstjóns og greiða þess í stað eingreiðslur í öllum tilvikum. Í ljósi þessa falla sumar málsgreinar núgildandi 12. gr. niður og breytingar eru gerðar á öðrum.

Í 1. mgr. er í fyrsta lagi gerð orðalagsbreyting sem fellst í því að fellt er brott úr lögnum að bætur séu greiddar fyrir varanlega örorku og fremur vísað til varanlegs líkamstjóns. Varðandi fyrrgreinda breytingu er vísað til umfjöllunar um 8. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. er í öðru lagi gerð sú breyting að bætur slysatrygginga fyrir varanlegt líkamstjón séu miskabætur samkvæmt skaðabótalögum, en ekki slysaörorkulífeyrir skv. 4. mgr. 18. gr. laga um almannatryggingar. Breytingin er liður í því að aðskilja bótagreiðslur slysatrygginga almannatrygginga frá bótum lífeyristrygginga almannatrygginga sem Tryggingastofnun heldur utan um. Breytingin er þannig til einföldunar á bótakerfinu og eykur gagnsæi. Einnig gerir reglan Sjúkratryggingum Íslands kleift að ljúka málum með bótagreiðslu í stað þess að mál séu opin hjá stofnuninni árum og áratugum saman. Framkvæmd örorkumats af hálfu stofnananna er auk þess byggt á mismunandi forsendum sbr. hér nánar skýringar í umfjöllun um 12. gr. frumvarpsins.

Í þriðja lagi er gerð sú breyting á 1. mgr. að miskabætur verða í öllum tilvikum eingreiddar. Eins og framkvæmd er háttáð samkvæmt núgildandi lögum greiða Sjúkratryggingar Íslands eingreiðslubætur ef varanleg læknisfræðileg örorka vegna slyss er metin 49 stig eða lægri. Ef örorka nær 50 stigum greiðast mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur, en samkvæmt 3. gr. núgildandi laga greiðast þær bætur frá Tryggingastofnun. Lagt er til að ákvæði um lífeyrisgreiðslur vegna mats sem er 50 stig eða hærrí verði lagt niður. Hér er litið til þess að miskabætur samkvæmt skaðabótalögum eru ávallt eingreiðslubætur, en auk þess þarf að líta til þess að það fyrirkomulag, að bætur slysatrygginga almannatrygginga geti verið í formi mánaðarlegra lífeyrisgreiðslna, er arfur frá fyrri tíð þegar alvarleg slys voru algengari en nú er.

Í 2. mgr. er lagt til að lögfest verði svokölluð hlutfallsregla, sem er meginregla í matsfræðum. Reglunni hefur verið beitt af Sjúkratryggingum Íslands og hefur framkvæmdin verið staðfest ítrekað af úrskurðarnefnd velferðarmála. Grein er gerð fyrir reglunni í VIII. kafla miskataflna örorkunefndar (2019) og hliðsjónarritum þeirra. Í reglunni felst að þegar leggja skal saman miskastig (eða varanlega læknisfræðilega örorku) A við miskastig B er notuð formúlan $A\% + B\% \times ((100-A\%)/100)$. Hámarks varanlegur miski er 100 stigvort heldur sem um er að ræða afleiðingar eins tiltekins slyss þegar um einn eða fleiri áverka vegna slyss er að ræða eða þegar um er að ræða uppsafnaðan miska vegna afleiðinga margra slysa. Frá

hlutfallsreglunni geta verið undantekningar bæði til hækkunar og lækkunar. Þetta á m.a. við um þöruð líffæri (t.d. augu, eyru, nýru, o.s.frv.).

Í 3. mgr. er lagt til að miskabætur greiðist ekki ef varanlegur miski er metinn minni en 10 stig. Er það í samræmi við 5. mgr. 12. gr. gildandi laga. Jafnframt er lagt til að hafi slasaður einstaklingur áður fengið metinn varanlegan miska (eða varanlega læknisfræðilega örorku) skv. slysatryggingum almannatrygginga vegna annars bótaskylds slyss skuli taka tillit til samanlagðs miska. Þetta þýðir að ná má lágmarkinu til greiðslu bóta með samlagningu tveggja eða fleiri mata vegna tveggja eða fleiri slysa sem bótaskyld eru skv. lögum um slysatryggingar almannatrygginga. Er breytingin í samræmi við viðtekna framkvæmd.

Í 4. mgr. er lagt til að Sjúkratryggingum Íslands sé heimilt að semja við lækna utan stofnunarinnar tillögu að mati á varanlegum miska umsækjenda. Slíkar tillögur geta þó aldrei verið bindandi fyrir stofnunina, enda eru ákvarðanir um varanlegt líkamstjón vegna bótaskyldra slysa stjórnvaldsákvarðanir sem stofnuninni ber að taka.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. 13. gr. er lögð til sú breyting að fella niður 8 ára dánarbætur, þ.e. mánaðarlegar greiðslur dánarbóta til eftirlifandi maka einstaklings sem deyr af völdum bótaskylds slyss og í staðinn koma eingreiðslubætur sem eru að sama virði. Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. gildandi laga eru mánaðarlegu bætur greiddar af Tryggingastofnun fyrir hönd Sjúkratrygginga Íslands. Breytingunni er ætlað að einfalda framkvæmd og er liður í því að Sjúkratryggingar Íslands greiði eingreiðslubætur vegna slysatrygginga almannatrygginga. Upphæð eingreiðslunnar samsvarar heildargreiðslu 8 ára bóta, miðað við upphæð bótanna árið 2019. Bætur samkvæmt lögnum hækka í samræmi við 2. mgr. 25. gr. laganna. Dánarbætur sem greiddar eru með eingreiðslu teljast ekki til skattskyldra tekna, sbr. lög nr. 90/2003, um tekjuskatt. Ef maki sem þiggur dánarbætur nýtur örorku- eða ellilífeyris samkvæmt lögum um almannatryggingar koma slíkar bætur því ekki til skerðingar. Gerð er orðalagsbreyting og segir að bætur séu greiddar til maka sem var í samvistum við eða á framfæri hins látna, en ekki ekkju eða ekkils eins og núgildandi löggjöf gerir ráð fyrir. Er þannig skýrt að eftirlifandi einstaklingur geti talist maki þó ekki hafi verið um hjónaband að ræða.

Með breytingu á 1. mgr. fellur brott b-liður 1. mgr. og þar með er réttur til mánaðarlegs barnalífeyris vegna andláts foreldris felldur úr lögum um slysatryggingar almannatrygginga. Börn sem missa foreldri eiga almennan rétt til barnalífeyris samkvæmt lögum um almannatryggingar og er um sömu upphæðir að ræða. Þeir sem rétt hefðu átt samkvæmt greininni sem fellur brott geta því sótt óbreytt réttindi til Tryggingastofnunar. Ekki er þannig um missi eða breytingu á réttindum að ræða. Breytingin er til einföldunar og miðar að því að eyða úr lögnum mánaðarlegum greiðslum sem hingað til hafa verið greiddar af Tryggingastofnun fyrir hönd Sjúkratrygginga Íslands.

Með breytingu á 1. mgr. fellur brott c-liður 1. mgr. þar sem er að finna reglu sem ekki hefur reynt á um langt árabíl. Um er að ræða úrelt ákvæði þar sem ekki verður litið svo á að börn á bilinu 16-18 ára geti verið öryrkjar í skilningi laga um almannatryggingar. Eftir að 18 ára aldri

er náð getur einstaklingur, sem uppfyllir nauðsynleg skilyrði, átt rétt til örorkulífeyris samkvæmt lögum um almannatryggingar og telst þar með ekki vera á framfæri foreldra sinna. Þar sem engin dæmi eru um að sótt sé um bætur á grundvelli þessarar greinar um langt árabíl verður ekki litið svo á að brottfall hennar hafi í för með sér skerðingu réttinda. Almennur réttur er til greiðslu barnalífeyris og barnalífeyris vegna sérstakra útgjalda í lögum um almannatryggingar. Jafnframt er að finna heimild til þess að greiða barnalífeyri vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára á grundvelli laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð.

Lagðar eru til breytingar á orðalagi 2. mgr. til samræmis við brottfall b- og c-liða 1. mgr. Upphæð eingreiðslu er óbreytt frá eldra ákvæði, en krónutalan uppfærð miðað við árið 2019. Þá er 3. mgr. gildandi laga felld undir 2. mgr. og fellur því brott.

Um 11. gr.

Á 14. gr. eru lagðar til breytingar á samspili og skörun bóta. Í 1. mgr. er kveðið á um að slysdagpeningar gerðist ekki fyrir sama tímabil og sjúkradagpeningar samkvæmt lögum um sjúkratryggingar. Hafi umsækjandi um bætur um slysdagpeninga þegar fengið greidda sjúkradagpeninga fyrir sama tímabil skuli slysdagpeningar nema mismuninum. Ekki er um að ræða efnislega breytingu frá gildandi lögum hvaða þetta einstaka atriði varðar. Með breytingu á 1. mgr. fellur þó brott reglan um að bætur slysatrygginga almannatrygginga og bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar geti ekki farið saman. Í því felst að örorkumat (sem og endurhæfingarmat) hjá Tryggingastofnun mun eftir breytingu ekki koma í veg fyrir rétt einstaklings til þess að fá mat á varanlegu líkamstjóni (nú varanlegri læknisfræðilegri örorku en eftir breytingu varanlegum miska) vegna bótaskylds slyss. Örorkumat, endurhæfingarmat eða ellilífeyrir frá Tryggingastofnun munu heldur ekki koma í veg fyrir rétt til fullra slysdagpeninga. Í breytingunum felst einnig að mat á miska vegna bótaskylds slyss mun ekki hafa áhrif á hlutfall örorkulífeyrisgreiðslna frá Tryggingastofnun, eins og er samkvæmt núgildandi lögum, samanber brottfall 4. mgr. 48. gr. laga um almannatryggingar (16. gr. frumvarpsins).

Með brottfalli 1. mgr. 14. gr. fellur einnig brott sú grundvallarregla að bætur vegna tveggja slysa sem ná yfir sama tímabil geti ekki farið saman. Sérstaklega tilgreindar undantekningar frá grundvallarreglunum, sbr. núgildandi a-d liði greinarinnar, verða óþarfar og falla því einnig niður.

Einnig er lagðar til orðalagsbreytingar á 2. mgr. ákvæðins. Kveðið er á um í 2. mgr. að slysdagpeningar vegna fleiri en eins slyss vegna sama tímabils geti að hámarki numið fullum dagpeningum samkvæmt 3-4. mgr. 11. gr. Með framangreindri breytingu fellur brott 2. mgr. gildandi laga þar sem gert ráð fyrir að ef umsækjandi um slysdagpeninga á rétt á fleiri en einni tegund bóta samkvæmt lögum um slysatryggingar almannatrygginga eða lögum um almannatryggingar, sem veittar eru til langs tíma, skuli dagpeningar nema mismuninum. Brottfall ákvæðisins er í samræmi við brottfall 1. mgr. 14. gr.

Með orðalagsbreytingu er haldið óbreyttri þeirri reglu að sjúkradagpeningar sem greiddir eru samkvæmt 32. gr. laga um sjúkratryggingar og slysadagpeningar geti ekki greiðst saman fyrir sama tímabil, og greiðist því mismunur bóttanna ef svo ber undir. Það er ekki tilgangur þessara laga að hafa áhrif á hvaða bætur geta greiðst samhliða sjúkradagpeningagreiðslum samkvæmt lögum um sjúkratryggingar. Enn fremur er skýrt að þrátt fyrir brottfall 1. mgr. er að hámarki hægt að fá greidda einfalda fulla slysadagpeninga, ef óvinnufærni er vegna fleiri en eins slyss á sama tímabili.

Lagt er til að 3-5. mgr. ákvæðisins falli brott til skýringa er vísað til umfjöllunar um brottfall 1. mgr. og breytingu 2. mgr. hér að ofan.

Um 12. gr.

Lagðar eru til breytingar á orðalagi 15. gr. í samræmi við efni frumvarpsins. Í 1. mgr. er felld brott vísun í mánaðarlegar bætur þar sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu að einungis verði um eingreiðslubætur að ræða auk þess sem vísun í 12. gr. er felld brott þar sem varanlegur miski samkvæmt skaðabótalögum er reiknaður frá slysdegi.

Í 2. mgr. eru gerðar orðalagsbreytingar í samræmi við efni frumvarpsins sem þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 13. gr.

Lagt er til að 20. gr. núgildandi laga um heimild Sjúkratrygginga Íslands til þess að taka að sér frjálssar slysatryggingar og ábyrgðartryggingar falli niður. Ekki finnast nein dæmi um að stofnunin eða áður Tryggingastofnun hafi beitt umræddri heimild.

Um 14. gr.

Lagðar eru til breytingar á 6. mgr. 21. gr. sem þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 15. gr.

Lagt er til að verði frumvarpið að lögum þá öðlist þau gildi 1. janúar 2021. Nauðsynlegt er að Sjúkratryggingar Íslands og Tryggingastofnun geti innleitt þær breytingar lagðar eru til í frumvarpinu með fullnægjandi hætti auk þess sem nauðsynlegt er að kynna umræddar breytingar áður en þær taka gildi.

Lagt er til að ákvæði 4. mgr. 25. gr. laganna fellur niður, í samræmi við það að bætur slysatrygginga almannatrygginga fyrir varanlegt líkamstjón verði eingreiðslubætur. Einstaklingur getur ekki átt rétt á viðbótum við eingreiðsluna samkvæmt lögum um almannatryggingar eða lögum um félagslega aðstoð. Einstaklingur getur hins vegar uppfyllt skilyrði fyrir lífeyrismati á grundvelli laga um almannatryggingar og fengið bætur skv. því til viðbótar við eingreiðslu samkvæmt lögum um slysatryggingar almannatryggingar.

Um 16. gr.

Í ákvæði til bráðabirgða segir til um hvernig skal fara með mál þeirra einstaklinga sem fá lífeyrisgreiðslur vegna örorkumats slysatrygginga og 8 ára dánarbætur maka greiddar frá Tryggingastofnun á grundvelli 2. ml. 1. mgr. 3. gr. sem lagt er til að falli úr lögum.

Í 1. mgr. er lagt til að þeir sem þegar fá lífeyrisgreiðslur vegna slysatrygginga fái eftirstöðvar bótanna eingreiddar og ljúki þannig örorkugreiðslum frá Sjúkratryggingum Íslands

Í 2. mgr. er lagt til að dánarbætur til maka verði í öllum tilvikum eingreiðslumetnar og greiddar út. Er það gert í ljósi þess að um er að ræða bótaflokk sem ekki er tengdur neinum bótaflokkum sem greiddir eru af Tryggingastofnun.

Í 3. mgr. er lögð til breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum. Er um að ræða breytingu sem með réttu hefði átt að gera þegar slysatryggingar almannatrygginga fluttust til Sjúkratrygginga Íslands, þegar stofnunin varð til 1. október 2008. Hér þarf þó að fara í saumana á fjármögnun og taka afstöðu til þess hvernig orðalag ákvæðisins fer best. – *Í vinnslu.*

Í 4. mgr. er lögð til breyting á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, eru samsvarandi breytingum samkvæmt 10. gr. þessa frumvarps (breytingar á ákvæði 14. gr. núgildandi laga um slysatryggingar almannatrygginga). Með þessum breytingum fellur brott grundvallarreglan um að bætur slysatrygginga almannatrygginga og bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar geti ekki farið saman. – *Í vinnslu.*

Í 5. mgr. er lögð til breyting á lögum nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, með síðari breytingum. Breyting á lögum um sjúkratryggingar hefur þann tilgang að koma í veg fyrir að eingreiðslubætur örorku samkvæmt lögum um slysatryggingar almannatrygginga skerði sjúkradagpeninga samkvæmt 32. gr. laga um sjúkratryggingar. Samkvæmt núgildandi lögum skerðast sjúkradagpeningar vegna eldra eingreiðslumats örorku í kjölfar slyss. Um röksemdir vísast til umfjöllunar um 10. gr. þessa frumvarps (breytingar á ákvæði 14. gr. núgildandi laga um slysatryggingar almannatrygginga). Sanngirnirök liggja til þess að sjúkradagpeningar skerðist ekki vegna eldri eingreiðslu örorku vegna slyss, eins og lífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar og slysadagpeningar samkvæmt lögum um slysatryggingar almannatrygginga. – *Í vinnslu.*

Í 6. mgr. er lögð til breyting á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Breytingin heimilar Sjúkratryggingum Íslands að senda Vinnueftirlitinu tilkynningar um atvinnusjúkdóma sem stofnuninni berast. Stofnunin hefur nú þegar skyldu til að senda Vinnueftirlitinu afrit af tilkynningum um slyss á vinnustöðum. – *Í vinnslu.*